

Fundargerð 74. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams

Tími: 10.1.2023 15:30

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST), Baldur Dýrfjörð (BD)

Dagskrá:

1. Fundargerðir 71. og 73. stjórnarfundar

Samþykktar. Ekki var tekin formleg fundargerð á 68. og 69. stjórnarfundum og vantar þær fundargerðir því í röðina. ST sendir HÓA samþykktar fundargerðir til innfærslu á vefsíðu.

2. Fræðslufundur 14. desember

HSP sendir póst á Reyni til þess að fá upptöku af fræðslufundinum og Hrund setur hana ásamt glærum í kjölfarið á vefinn. Fundur gekk vel þó gaman hefði verið að ná lengri umræðum.

3. Umræður um næsta fræðslufund

Spurning hvort við viljum setja fókus á jarðtæknimál, grunnvatn og blágrænar ofanvatnslausnir eins og rætt var í haust. Aldís vildi frekar koma með innlegg í viðburð á okkar vegum. HSP og SGS taka upp þráðinn með málþing **um ofanvatns- og jarðtæknimál á mýrar- og lágsvæðum** sbr. 70. fundargerð. Rætt hvort það væri áhugi fyrir því að hafa einhvers konar viðburð á degi vatnsins 22. mars eða í það minnsta setja eitthvað á miðla. Lítur út fyrir að þema 2023 verði „Accelerating change“ og eigi bæði við dag vatnsins og dag klósettsins. Hvaða breytingum finnst okkur að þurfi helst að hraða í geiranum?

4. Önnur mál

Engin önnur mál. Rætt að VAFRÍ verði 15 ára 2024.

Fundi var slitið kl. 16:05. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@or.is